



FRÉTTABRÉF UMSE

2. töl. 25. árgangur 2010



Pistill Formanns UMSE

Heilir og sælir Eyfirðingar góðir,

þar sem þetta er minn fyrst formannspistill þá langar mig til þess að grípa tækifærið og kynna mig. Óskar Þór heiti ég og er Vilhjálmsson, ég er ættaður frá Bakka í Svarfaðardal en bý og starfa á Akureyri. Ég er kvantur Auði Jónasdóttur og saman eigum við tvær dætur, Minnu Kristínu 5 ára og Lilju Karlottu 1 árs. Ég er 35 ára og starfa sem tæknimaður við Háskólann á Akureyri.

Ég vil byrja á því að þakka fráfarandi formanni Sigurði H. Kristjánssyni og öðrum fráfarandi stjórnarmeðlimum fyrir vel unnið og óeingingjarnt starf í þágu sambandsins.



Að vinna sjálfböðastarf í þágu ungmennahreyfingarinnar er bæði mikilvægt starf og göfugt. Sjálfböðaliðar eru lykillinn að öfluglu starfi í hreyfingunni því án þeirra værum við ekki til. Þeir eru óeingingjarnir á tíma sinn og krafta, þeir eru hugrakkir og bjartsýnir og fyrir vikið takast þeir á við hin stærstu verkefni og leysa þau þannig að sómi er af.

Ungmennafélagsandinn er líka mikilvægur okkur í þeirri viðleitni að efla og styrkja hreyfinguna svo ég tali nú ekki um hversu nærandi hann er fyrir sálartetrið okkar. Ungmennafélagsandinn lifir nefnilega innra með okkur en ef við sjáum ekki til þess að hann nærast og þroskast getum við týnt honum. Sérstaklega er hættan mikil þegar hraðinn í þjóðfélaginu er eins og raun ber vitni og allur okkar tími og orka fer í lífsgæðakapflaupið.

Fyrir nokkrum árum var einum hópi á UMFÍ þingi falið að skilgreina þennan merka ungmennafélagsanda og þó svo margir hafi verið á því að það væri ómögulegt eða ógerlegt reyndist það vera bæði létt verk og löðurmannlegt.

Skilgreiningin gengur út frá því að einstaklingurinn spytji sjálfan sig „hvernig er ÉG sem manneskja? Hvaða þættir eru það í fari mínu sem ég vil leggja áherslu á í samskiptum mínum og samstarfi við annað fólk?“

Ungmennafélaginn á því að geta sagt:

Ég er heiðarleg(ur) og hlýði samvisku minni skynsamlega.

Ég treysti öðrum og mér er treystandi.

Ég veit að ég hef ekki alltaf rétt fyrir mér, þess vegna hlusta ég og læri.

Ég ber virðingu fyrir mér og öðrum og vil að aðrir beri virðingu fyrir mér.

Ég anda að mér hreinu lofti, borða hollan mat og hreyfi mig reglulega svo að mér líði vel.

Ég nota ekki vímuefni.

Ég tek þátt, mér og öðrum til ánægju.

Ég stefni á sigur, samgledst með sigurvegurinum og get sett mig í spor þeirra sem verða undir.

Ég lifi lífinu lifandi og nýt þess sem á vegi mínum verður.

Ég vil deila með öðrum og skila því sem lífið lánar, bættu til komandi kynslóða.

Nú eru nýir tímar og ný verkefni, ég vil því hvetja alla til að taka þátt í að viðhalda og byggja upp öflugt starf innan ungmennahreyfingarinnar og taka þátt sem stoltir sjálfböðaliðar með ungmennafélagsandann að leiðarljósi.

Íslandi allt
Óskar Þór Vilhjálmsson

Ný heimasíða og tölvupóstfang

UMSE hefur nú tekið í gagnið nýja heimasíðu. Veffangið er það sama og áður, www.umse.is en síðan er byggð á öðru kerfi. Þetta mun að öllum líkindum gera upplýsingar um málefni sambandsins og aðildarfélaga aðgengilegri. Inni á nýju síðunni eru tenglar inn á nýja heimasíðu Þorvaldsdalsskokksins, NM u20 (sem við höldum í sumar ásamt UFA) og nýja upplýsingasíðu Frjálsra íþróttanna á vegum UMSE sem vonandi verður tekin í notkun í haust. Samhliða þessu höfum við skipt um tölvupóst. Nýi pósturinn er umse@umse.is.



Við viljum hvetja alla til þess að skoða nýju síðurnar. Einnig viljum við hvetja aðildarfélögin og þá sem starfa að og hafa áhuga málefnum UMSE að vera duglega að senda fréttir og upplýsingar til skrifstofu okkar svo hægt sé að birta þær á heimasíðunni.

Við viljum vekja athygli á að einhver vandamál hafa komið upp er varð póstsendingar á nýja netfangið. Ef vart verður við það vandamál viljum við biðja ykkur að hafa samband við skrifstofuna eða internetþjónustuaðila ykkar og láta vita af því. Enn um sinn verður gamla netfangið virkt en því verður lokað með haustinu.

Árspaning UMSE

89. árspaning UMSE fór fram á Hrafnagili laugardaginn 20. mars. Þingið var starfssamt og nokkuð lífflegt. Fjölmargar viðurkenningar voru veittar í kaffisamsæti þingsins og Björgvin Björgvinsson kjörinn íþróttamaður UMSE 2009.

Ýmsar tillögur voru samþykktar á þinginu og ber þar helst að nefna að samþykkt var að stofna verkefnasjóð fyrir hluta af hagnaði af landsmótinu. Þessi sjóður ber nafnið Landsmótssjóður UMSE 2009. Þá voru samþykktar tvær aðrar reglugerðir, önnur þeirra um veitingu heiðursviðurkenninga og hin um lottóúthlutum. Samþykktar voru einnig breytingar á tilhögun knattspyrnumóta UMSE og stjórn falið að endurskoða reglur um Aldursflokkamót UMSE í frjálsum íþróttum.

Sigurður H. Kristjánsson lét af störfum sem formaður og í hans stað var kjörin formaður Óskar Þór Vilhjálmsson. Einnig lét Eyrún Elva Marinósdóttir af störfum í varastjórn og í stað hennar kjörin Birkir Örn Stefánsson. Við þökkum fráfarandi stjórnarfélagi vel unnin störf og bjóðum nýtt fólk velkomið.

Kristínu Hermannsdóttur var veitt starfsmerki UMFÍ á þinginu. Árni Arnsteinsson og Hringur Hreinsson hlutu Gullmerki UMSE og Óskar Óskarsson, Sigurður Jörgen Óskarsson, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Marinó Þorsteinsson og Kristín Hermannsdóttir hlutu Starfsmerki UMSE. Þessar viðurkenningar voru veittar í fyrsta sinn, samkvæmt nýrri reglugerð sem samþykkt var á þinginu.

Nýjung verður eftir þetta þing að þinggerð verður tölvufærð og birt fljótlega á vefsíðu okkar. Einnig er nú hægt að nálgast Ársskýrslu Sambandsins á www.umse.is.

Eyjafjarðarsveit eru færðar sérstakar þakkir fyrir stuðninginn, en sveitarfélagið bauð þingfulltrúum til hádegisverðar og kaffisamsætis. Þá eru Hrafnagilsskóla einnig færðar þakkir fyrir þeirra aðkomu.

Frjálsar íþróttir

Sumarið er viðburðaríkt í frjálsum íþróttum líkt og síðustu ár. UMSE heldur úti keppnisliði og æfingum fyrir eldri iðkendur. Ari H. Jósavínsson hefur umsjón með því starfi. Einnig standa þau aðildarfélag þar sem iðkaðar eru frjálsar íþróttir fyrir æfingum í heimahögum.

12. – 13. júní fór fram MÍ 11-14 ára og eignuðumst við 3 Íslandsmeistara þar. Einnig vorum við með keppendur á MÍ aðalhluta. Þá munum við senda keppendur á MÍ 15-22 ára og stefnt er að þátttöku í Bikarkeppnum FRÍ lík og áður.

Vormót UMSE fór fram 21. og 23. júní á frábærum velli á Akureyri. Fjölmargir keppendur voru á mótinu eða 177 og skráningar í greinar 592. Verður það að teljast frábær þátttaka. Félögum okkar í UFA viljum við færa bestu þakkir fyrir afnot af æfingatíma þeirra á vellinum. Þá viljum við færa þeim þakkir sem lögðu hönd á plóg við framkvæmd mótsins.

Aldursflokkaþing UMSE sem fara átti fram helgina 24. - 25. júlí hefur verið frestað um óákveðinn tíma vegna óviðráðanlegra ástæðna. Ný tímasetning á mótinu verður auglýst um leið og hún er komin á hreint á heimasíðu UMSE www.umse.is.

Norðurlandamót u20 fer fram á íþróttaleikvanginum við Hamar helgina 28.-29. ágúst. Nánari upplýsinga um mótið er að finna á heimasíðunni sem opnuð hefur verið í tengslum við mótið: <http://nm-u20.umse.is>.



Þorvaldsdalsskokkið



Þorvaldsdalsskokkið fór vel fram að venju, en það varð haldið 3. júlí s.l. Að þessu sinni var skokkið hluti að hlauparöð 66° norður.

Í skokkinu náðist frábær árangur. Tveggja tíma múrinn var brotinn af tveimur keppendum en bæði sigurvegari ársins, Björn Margeirsson og Stefán Viðar Sigtryggsson hlupu dalinn á skemmri tíma en tveimur tímum. Báðir bættu þeir tímann í sínum aldursflokki auk þess sem þriðji maður, Sigurjón Sigurbjörnsson bætti tímann í sínum aldursflokki. Konurnar stóðu sig ekki síður vel! Þannig bætti Hólmlfríður Vala besta tímann í kvennaflokki um rúmar 15 mínútur, önnur kona, Guðbjörg Margrét Björnsdóttir var sömuleiðis undir gamla metinu. Sigríður Einarsdóttir stórbætti tímann í sínum aldursflokki (átti eldra metið sjálf) og Arnfríður Kjartansdóttir bætti tímann í sínum aldursflokki. Samantekið var því besti tíminn bættur í öllum aldursflokkum nema flokki karla eldri en 60 ára. Í þeim flokki var þó eitt besta afrekið unnið af Árna Sigurbergssyni, 78 ára, sem hljóp dalinn á 4:30:00.

UMSE þakkar öllum þeim sjálfbodaliðum sem lögðu hönd á plóg og þeim styrktaraðilum sem komu að mótinu að þessu sinni.

Nánari upplýsingar um Þorvaldsdalsskokkið er að finna á nýrri vefsíðu skokksins: <http://thorvaldsdalur.umse.is>. Þar er einnig að finna enska og sænska útgáfu af vefnum.

Íþróttagallinn og keppnisbúningar

Áfram er hægt að fá UMSE gallann. Hægt er að panta gallann, annaðhvort í gegnum skrifstofu UMSE eða hjá tengiliðum innan félaganna. Gallinn er seldur á kostnaðarverði. Gallinn er svo afgreiddur um leið og framleiðandi stendur skil á honum.

Nú eru frjálsíþróttakeppnisbúningarnir komnir. Þeir eru til í flestum stærðum meðan birgðir endast. Verð búningsins er 4000.- kr. á hverja flík.

Nánari upplýsingar gefur framkvæmdastjóri UMSE.

UMSE hefur nú einnig til sölu hlífðarjakka merкта UMSE. Þeir eru bláir að lit, með merki UMSE á brjóstinu. Þeir eru til í stærðum S til XXL.

Unglingalandsmót



Unglingalandsmótið fer að þessu sinni fram í Borgarnesi. Von er á skemmtilegri hátíð að venjum og stefnir UMSE að myndarlegri þátttöku líkt og áður. Fjölbreytt dagskrá verður á mótinu og eitthvað við að vera fyrir alla fjölskylduna. Þátttökugjald er líkt og í fyrra 6.000.- kr. á hvern einstakling og innifalið í því er allt sem mótinu fylgir, tjaldstæði, keppni og öll sú afþreying sem í boði er fyrir alla fjölskylduna.

Skráning á mótið fer fram í gegnum vefsíðu mótsins www.ulm.is og er skráningarfræstur til miðnætis föstudaginn 23. júlí. Að þessu sinni viljum við biðja keppendur að sjá um skráningu sína í mótið sjálfir. Framkvæmdastjóri UMSE mun svo fylgjast með skráningu og er einnig hægt að hafa samband við hann til þess að fá aðstoð við skráninguna. Keppendur munu einnig þurfa að greiða þátttökugjaldið sjálfir og ná í keppnisgögn. Það verður hægt að gera í þjónustumiðstöð mótsins.

Stjórn UMSE hefur ákveðið að bjóða keppendum til grillveislu á mótinu, líkt og á Sauðárkróki í fyrra og mun aðstandendum og fylgdarfolki gefast kostur á að taka þátt í því gegn vægu gjaldi. Þeir sem hafa áhuga á að vera með í veislunni eru beðnir um að skrá þátttöku sína hjá framkvæmdastjóra í síma 868-3820 eða senda tölvupóst á umse@umse.is.

Nánari upplýsingar gefur skrifstofa UMSE í fyrrgreindan tölvupóst eða síma.

Útgefandi:

Ungmennasamband Eyjafjarðar,

Óseyri 2, 603 Akureyri.

Veffang: www.umse.is

Tölvupóstur: umse@umse.is

Ábyrgðarmaður: Þorsteinn Marínósson

